

Föstudaginn 17. júlí 1992.

Nr. 9/1992. **Félag íslenskra náttúrufræðinga**
 (Viðar Már Matthíasson hrl.)
 gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
 (Gunnar Björnsson cand.jur.).

Kjarasamningur. Samstarfsnefnd. Náttúrufræðingar.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valtýr Sigurðsson og Allan V. Magnússon.

Málið, sem tekið var til dóms fyrr í dag, er höfðað með stefnu birtri og þingfestri 2. þ.m.

Stefnandi er Félag íslenskra náttúrufræðinga, Lágmúla 7, Reykjavík.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkennt verði, að skylt sé að halda fundi í samstarfsnefnd stefnanda og stefnda og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað, þar sem tekið verði tillit til virðisaukaskattsskyldu.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

I.

Stefndi kveður ágreining aðila snúast um það, hvort skylt sé að fara eftir fyrirætlum 11. kafla kjarasamnings aðila frá 18. maí 1989 um samstarfsnefnd, en sá kjarasamningur hafi verið felldur úr gildi að formi til með bráðabirgðalögum um launamál nr. 89/1990. Ágreiningurinn snúist því um það, hvort reglur samningsins séu efnislega enn í gildi, sbr. 12. gr. laga nr. 94/1986. Ágreiningurinn eigi undir dómsvald Félagsdóms skv. 3. tl. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarsamninga opinberra starfsmanna.

Málavextir séu þeir, að í fyrsta kjarasamningi, sem stefnandi hafi gert við stefnda 1987, eftir að félagið fékk sjálft samningsrétt með lögum 94/1986, hafi í 11. kafla verið reglur um samstarfsnefnd. Sömu reglur séu í kjarasamningi aðila, sem gerður hafi verið 18. maí 1989. Þar sé mælt svo fyrir, að hvor samningsaðili um sig skuli tilnefna tvo menn og tvo til vara í samstarfsnefnd, sem hafi það hlutverk að koma á sáttum í ágreiningsmálum, sem rísa kunni út

af samningnum, m.a. vegna röðunar á nýjum eða breyttum starfsheitum. Jafnframt sé kveðið á um það, að hvor aðili um sig geti skotið ágreiningsefnum til nefndarinnar og kallað hana til starfa. Tilgangur slíks samningsákvæðis sé fyrst og fremst sá að leysa allan þann fjölda af ágreinings- og álitamálum, sem alltaf hljóta að koma upp við framkvæmd kjarasamninga hjá stórum stéttarfélögum.

Fundir í samstarfsnefnd aðila hafi verið 7 talsins árið 1989. Með lögum nr. 4/1991 hafi Alþingi staðfest bráðabirgðalögin frá 1990, og með þeim hafi kjarasamningar aðila, eins og annarra samflotsfélaga BHMR, verið felldur úr gildi frá og með 31. ágúst 1991. Mikil vandræði hafi verið að fá fundi í samstarfsnefnd á árinu 1991, og hafi stefndi hafnað með öllu að halda slíka fundi.

Stefnandi byggir mál sitt á því, að fara eigi eftir kjarasamningum, uns nýr sé gerður eða verkfall hefjist, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 94/1986. Ákvæði þetta sé fortakslaust, og engar undantekningar séu frá því, og beri að skýra það samkvæmt orðanna hljóðan. Skylt sé því að halda fundi í samstarfsnefnd aðila, enda séu þar til afgreiðslu álita- og ágreiningsmál, sem varða framkvæmd kjarasamningsins og hver staða einstakra félagsmanna sé samkvæmt honum, t.d. hvað varðar starfsheiti, launaflokkaröðun o.fl.

II.

Stefndi segir málavexti vera þessa:

Ákvæði um samstarfsnefnd fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Félags íslenskra náttúrufræðinga er fyrst að finna í dómsorði Kjaradóms þann 18. apríl 1980 vegna sérkjarasamnings þessara aðila. Segir þar m.a.:

„8.1. Aðilar máls þessa skulu hvor um sig tilnefna tvo menn og tvo til vara í samstarfsnefnd, sem hafi það hlutverk að koma á sáttum í ágreiningsmálum, sem rísa kunna út af dómi þessum.

8.2. Hvor aðili um sig getur skotið ágreiningsefnum til nefndarinnar og kallað hana til starfa.“

Dómur þessi gilti til 28. febrúar 1982, en þá var kveðinn upp nýr dómur Kjaradóms um sérkjarasamning aðila, er gilti til 29. febrúar 1984, þar sem orðalagi ákvæðis 8.2. var breytt á þann veg, að í stað orðalagsins „... sem rísa kunna út af dómi þessum.“ kom „... sem rísa kunna út af samningi þessum“. Þannig breytt var orðalag ákvæðisins tekið upp í dómi Kjaradóms um sérkjarasamning, er gilti frá 1. mars 1984 til 28. febrúar 1984. Í dómi Kjaradóms um

sérkjarasamning aðila, er gildi frá 1. mars 1985 til 28. febrúar 1986, er orðalag ákvæðis 8.1. breytt á þann veg, að við lokasetningu þess ákvæðis er bætt við „... m.a. vegna röðunar á nýjum eða breyttum starfsheitum“, og er ákvæðið tekið þannig breytt upp í dómi Kjara-dóms um sérkjarasamning aðila, er gildi frá 1. mars 1986 til 31. desember 1986.

Þann 31. desember 1986 tóku gildi ný lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986, sem komu í stað annars vegar laga nr. 46/1973, sem BHMR og aðildarfélög þess höfðu heyrt undir, og hins vegar laga nr. 29/1976, sem höfðu gilt um kjarasamning BSRB og aðildarfélaga þess. Með gildistöku laga nr. 94/1986 urðu grundvallarbreytingar á samningsrétti opinberra starfsmanna. Ein veigamesta breytingin var, að samningsrétturinn, sem áður hafði verið tvískiptur, var færður óskiptur til hvers stéttarfélags fyrir sig. Lagðist þannig af sú tilhögun, að gerður væri aðalkjarasamningur á vegum heildarsamtaka og sérkjarasamningar á vegum aðildarfélaga þeirra.

Fljótlega eftir setningu laga nr. 94/1986 fór að bera á því við störf samstarfsnefndar, að fulltrúar stéttarfélags virtust ekki hafa áttað sig á því hvað hún fól í sér, heldur settu þar fram kröfur, eins og um „sérkjarasamningaviðræður“ væri að ræða samkvæmt eldri lögum. Eins kom þar fram, að menn söknuðu þess að hafa ekki aðila, sem skjóta mætti ágreiningsmálum til, ef aðilar voru ekki sammála um lausn í samstarfsnefnd. Af hálfu stefnda var á samstarfsnefndarfundum bent á, að framlagning krafna, sem fjölluðu ekki um ágreining varðandi túlkun tiltekinna ákvæða samningsins, ætti ekki heima á þessum vettvangi, en jafnframt var tekið fram af hans hálfu, að hann væri tilbúinn að líta svo á, að menn þyrftu ákveðinn umþóttunartíma til að átta sig á breyttu hlutverki vegna nýrra laga. Til þess að koma að einhverju leyti til móts við óskir BHMR f.h. aðildarfélaga um vettvang, sem hægt væri að ræða ágreiningsmál á, var í janúar 1989 fallist á að gera sérstakt samkomulag um starfshætti samstarfsnefndar, þar sem m.a. sett var á fót samstarfsnefnd BHMR og fjármálaráðherra. Í samkomulaginu er gert ráð fyrir að hægt sé að vísa ágreiningsmálum frá samstarfsnefnd einstakra stéttarfélaga til þessarar nefndar. Nefnd þessari var ekki falið neitt úrskurðarvald, heldur var þetta fyrst og fremst samskiptavettvangur, þar sem BHMR sem samtök gat komið

sjónarmiðum sínum varðandi framkvæmd kjarasamnings á framfæri við fulltrúa fjármálaráðherra, en með tilkomu laga nr. 94/1986 féll aðild BHMR sem sjálfstæðs samningsaðila niður.

Kjarasamningar aðila hafa nokkrum sinnum verið lausir til endurskoðunar, frá því að lög nr. 94/1986 tóku gildi. Samstarfsnefnd aðila hefur ekki starfað þann tíma, sem kjarasamningar hafa verið lausir og opnir til endurskoðunar milli aðila. Stefnandi leitaði eftir því árið 1989, að samstarfsnefnd starfaði á þeim tíma, sem samningar voru opnir til endurskoðunar. Þeirri beiðni var hafnað af hálfu stefnda á þeim forsendum, að samstarfsnefnd væri ætlað að leysa úr ágreiningsmálum, er upp kæmu á þeim tíma, er samningar væru bundnir og friðarskylda ríkti milli aðila, en þegar samningar væru lausir og opnir til endurskoðunar, þá hefði hún ekkert hlutverk, því, ef ágreiningur væri um eitthvert atriði á þeim tíma, þá hefðu aðilar tækifæri til að gera út um þann ágreining við samningaborðið. Stefnandi tók málið ekki frekar upp við þá samningsgerð. Stefnandi leitaði aftur eftir því haustið 1991 að fá fund í samstarfsnefnd. Því var hafnað á sömu forsendum og áður og boðið upp á, að mál yrðu rædd í samninganefnd. Stefnandi hefur ekki tekið upp slíkar viðræður við núverandi samningsgerð.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að hann hafi uppfyllt skyldur sínar um fundi í samstarfsnefnd, hvort heldur litið sé til ákvæða 2. mgr. 12. gr. laga nr. 94/1986, kjarasamningsins eða áðurnefnds samkomulags um starfshætti samstarfsnefnda. Stefnandi hafi aldrei neitað því, að sér væri skylt að fara eftir ákvæðum 11. kafla kjarasamningsins á gildistíma hans, en hefur haldið því fram, að ákvæði þessa kafla yrðu óvirk, þegar kjarasamningur rynni út, því að þá færu samskipti aðila eftir öðrum farvegi.

Stefndi telur það felast í forstögu og eðli samstarfsnefndar, að fjallað sé um hagsmunaágreining og að vissu marki um túlkun samningsákvæða og því hljóti störf hennar að liggja niðri, þegar kjarasamningur er opin til endurskoðunar. Að mati stefnda er sú túlkun, sem stefnandi byggir á, að telja samstarfsnefnd eiga að starfa á sama tíma og aðilar eru í viðræðum um það, hverju breyta skuli í kjarasamningnum, ekki í samræmi við orðalag í fyrsta úrskurði Kjaradóms. Eðlileg og rökrétt túlkun sé að líta svo á, að við setningu laga nr. 94/1986 séu samstarfsnefndir sá vettvangur, sem aðilar hafi til að skiptast á skoðunum á þeim tíma, sem kjara-

samningur er í gildi og friðarskylda hvílir á aðilum, en þegar gildistíma kjarasamninga ljúki, þá færast samskiptavettangur yfir til samninganefndar aðila, og þar hafi menn tækifæri og úrræði til að knýja á um, að leyst sé úr hagsmunaágreiningi eða vafa um túlkun, með því að breyta eða fella niður ákvæði, sem valdið hafa ágreiningi, eða bæta við ákvæðum til að taka á atriðum, sem ekki höfðu verið séð fyrir við fyrri samningsgerðir.

Stefndi telur, að túlkun stefnanda á ákvæði 2. mgr. 12. gr. laga nr. 94/1986, sé til muna rýmri en orðalag ákvæðisins bjóði upp á. Ef túlkun stefnanda ætti að gilda, hefði verið mun eðlilegra fyrir löggjafann að taka af öll tvímæli og segja „... og skal hann þó gilda...“ í stað orðalagsins „... og skal þó eftir honum farið...“ Greinin sé sett til að koma í veg fyrir, að vafi eða ágreiningur geti komið upp um það, hvaða starfskjör séu í gildi frá lokum samnings og þar til nýr er gerður, eða að minnsta kosti koma í veg fyrir, að á þessu tímabili geti menn talist utan reglna kjarasamningsins, hvað varðar afgreiðslu launa og skyldra kjara gagnvart launþegum.

Stefndi vísar í dóma Félagsdóms í málum nr. 8/1961 og 2/1976. Hann bendir og á, að í kjarasamningi séu ávallt tveir þættir, þáttur um kaup og kjör annars vegar og þáttur um vinnufrið, gildistíma o.þ.h. Ætlast sé til samkvæmt 2. mgr. 12. gr. laganna, að farið sé áfram eftir fyrrnefnda hlutanum, en hinn hlutinn sé ávallt talinn falla niður með gildi samningsins.

III.

Niðurstaða.

Í kjarasamningi aðila frá 19. maí 1989 voru svofelld ákvæði um samstarfsnefnd í 11. kafla:

„11.1.1. Samningsaðilar skulu hvor um sig tilnefna 2 menn og 2 til vara í samstarfsnefnd, sem hafi það hlutverk að koma á sáttum í ágreiningsmálum, sem rísa kunna út af samningi þessum, m.a. vegna röðunar á nýjum eða breyttum starfsheitum.

11.1.2. Hvor aðili um sig getur skotið ágreiningsefnum til nefndarinnar og kallað hana til starfa.“

Kjarasamningurinn féll úr gildi 31. ágúst 1991.

Samkvæmt reglu 2. mgr. 12. gr. laga nr. 94/1986 skal fara eftir kjarasamningi aðila, sem ekki er lengur í gildi, uns nýr hefur verið gerður.

Þegar litið er til hlutverks samstarfsnefndarinnar, verður ekki

talið, að stefndi hafi sýnt fram á, gegn orðalagi 2. mgr. 12. gr. ofangreindra laga, að ákvæði 11. kafla kjarasamnings aðila frá 18. maí 1989 skuli vera óvirk, meðan samningar þeirra eru lausir. Verður sýknukrafa stefnda því ekki tekin til greina.

Niðurstaða málsins verður sú, að fara skuli eftir ákvæðum 11. kafla kjarasamnings aðila um samstarfsnefnd, þar til nýr samningur hefur verið gerður. Verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 80.000, og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskattsskyldu málflutningsþóknunar.

D ó m s o r ð:

Fara skal eftir ákvæðum 11. kafla kjarasamnings aðila frá 18. maí 1989, þar til nýr samningur hefur verið gerður.

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, kr. 80.000 í málskostnað.
